

**66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025**

Þingskjal nr: 2025 – 04

66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025
staðfestir meðfylgjandi fundarsköp þingsins.

Fundarsköp 66. Sundþings 2025

1.grein

Þingforsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Þeir sjá til þess að störf þingsins fari að almennum fundarsköpum og þessari samþykkt. Þingforsetur er heimilt að úrskurða í álitamálum um meðferð mála innan þingsins og skulu þingfulltrúar hlýta úrskurði þeirra í hvívetna.

Þingforsetar leitast við að halda útgefna tímaáætlun þingsins.

2.grein

Afgreiðsla mála fer fram í fernu lagi í samræmi við lög SSÍ:

- a) Við birtingu tillagna með greinargerðum tveimur vikum fyrir þing.
- b) Við framlagningu tillagna í upphafi þings, þar sem málum er vísað í viðeigandi nefndir án umræðu.
- c) Í viðeigandi nefnd, þar sem umræða um efnið fer fram. Þar er einnig hægt að leggja fram breytingartillögur. Í nefndum þingsins er heimilt að fara í þrjár umræður um sérhverja tillögu:
 - i. Almennar athugasemdir og skoðunum lýst.
 - ii. Tillögur um breytingar, ef einhverjar eru, lagðar fram og ræddar.
 - iii. Lokaumræða til að tryggja að öll sjónarmið um málið hafi heyrst.
- d) Við afgreiðslu málsins inn á þinginu, að loknu nefndarstarfi, þar sem formaður nefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir almennri umræðu um efni tillagna á þessu stigi, en þingforseti má þó heimila fyrirpurnir og einstaka athugasemdir meti hann það nauðsynlegt.

Leitast skal við að ná sameiginlegri niðurstöðu innan nefndarinnar. Formaður nefndar getur leitað fulltingis þingforseta ef nauðsynlegt er að úrskurða innan nefndar og samstaða næst ekki um mál.

Komi upp ágreiningur í nefnd og vilji minnihluti nefndar leggja fram tillögu um breytingu á niðurstöðu nefndar getur þingforseti lagt það til við þingheim að taka slíka tillögu á dagskrá, meti hann það nauðsynlegt. Samþykki a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluta þingheims þarf til að samþykkja slíka tillögu þingforseta. Sé hún samþykkt er tillaga minnihluta nefndarinnar þá lesin upphátt af þingforseta og greidd um hana atkvæði án umræðu. Ef tillaga þingforseta um að taka tillögu minnihluta nefndar á dagskrá er felld, eru ekki greidd atkvæði um breytingartillöguna.

Ekki er heimilt að koma fram með breytingartillögu, sem ekki hefur verið rædd í viðkomandi nefnd, á þinginu.

66. þing
Sund sambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025

Þingskjal nr: 2025 – 04

3.grein

Sundþing kýs þrjá þingfulltrúa í hverja nefnd þingsins, sem hafa það hlutverk taka saman niðurstöðu nefndarinnar og tillögur. Sundþing kýs um hver þessara þriggja er formaður nefndarinnar. Formaður nefndar stýrir fundi hennar.

Efnisleg umræða um tillögur framlagðar á Sundþingi skulu fara fram innan nefnda þingsins. Einungis þar er heimilt að koma með breytingartillögur á fyrirbyggjandi tillögur sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Niðurstaða nefndar og afgreiðsla þingsins getur verið með eftirfarandi hætti:

- a) Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt;
 - i. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði þingsins.
- b) Nefndin leggur til breytingar á tillögunni og ber hana þannig upp við afgreiðslu málsins;
 - i. Þingforseti ber tillöguna þannig breytta undir atkvæði þingsins.
 - ii. Felli þingheimur tillögu nefndarinnar ber forseta að bera upphaflegu tillöguna undir atkvæði þingsins.
- c) Nefndin leggur til að upphaflegu tillögunni verði vísað frá;
 - i. Þingforseti ber frávísunartillöguna undir atkvæði þingsins án umræðu.
 - ii. Nefndinni er ekki heimilt að leggja fram aðra tillögu í stað þeirrar sem hún leggur til að verði vísað frá.

Nú hefur niðurstaða einnar þingnefndar bein áhrif á niðurstöðu annarar þingnefndar. Skulu þingforsetar þá skera úr um málsmeðferð eftir að hafa ráðfært sig við formenn viðkomandi nefnda. Þingfulltrúum ber að virða úrskurði þingforseta.

Þingfulltrúum öllum er heimilt að velja sér nefnd til að starfa í. Heimilt er þingfulltrúum að fara milli nefnda, en ekki er heimilt að endurtaka umræður um mál eða taka upp mál innan nefndarinnar sem umræða hefur þegar farið fram um.

4.grein

Þingfulltrúar geta hvenær sem er gert stuttar athugasemdir við störf þingforseta á meðan þingfundur stendur.

5.grein

Hljóðupptaka á þinginu er heimil til að auðvelda frágang þinggerðar.

6.grein

Að öðru leyti skal farið að almennum fundarsköpum og lögum SSÍ eftir því sem við á